



FÉLA3KA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands **Kenningar og aðferðir** Vorönn 2019

Kennarar:	Helgi Hermannsson	Sk.st	HH
------------------	--------------------------	--------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður unnið með félagsfræði sem vísindagrein.

Kenningaleg sjónarhorn samvirkni-, samskipta- og átakakenninga verða notuð við rannsóknir á félagslegum fyrirbærum.

Farið verður yfir helstu rannsóknaraðferðir félagsvísinda, bæði eigindlegar og megindlegar; skoðaðir kostir og gallar og þeim beitt í rannsóknum nemenda. Kennslufyrirkomulag verður í formi fyrirlestra, kynninga, verkefnavinnu og umræðutíma.

Undanfari: FÉLA2BY05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- megin kenningum innan félagsfræðinnar: samvirkni-, átaka- og samskiptakenningum,
- helstu frumkvöðlum innan félagsfræðinnar,
- megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum,
- helstu hugtökum félagsfræðinnar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita félagsfræðikenningum á mismunandi viðfangsefni samfélagsins,
- beita aðferðum félagsfræðinnar,
- fjalla um og bera saman kenningar,
- tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar,
- beita félagsfræðilegu innsæi,
- beita hugtökum á mismunandi viðfangsefni,
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita félagsfræðilegum kenningum á samfélagsleg fyrirbæri,
- kynna sér tiltekið félagsfræðilegt rannsóknarefni,
- geta skipulagt og unnið einfalda rannsókn,
- geti beitt mismunandi aðferðum eftir mismunandi aðstæðum og á mismunandi rannsóknarefni,
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt.

Námsefni: Hvernig veit ég að ég veit. Björn Bergsson 2014



FÉLA3KA05

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1-3	7-25. jan	Kynning á áfanganum – Byrjað á verkefni 1.	Verkefni 1 Vægi 10%
3	28.jan-8. feb.	Kenningar og aðferðafræði	Vinnustofa/verkefni Vægi 10 %
4-5	11-22. feb	Samskiptatilraun	Samskiptatilraun Vægi 10%
6-7	25. feb-1. mars	SPSS æfingar	Vinnustofa/verkefni Vægi 5%
8-10	4-15. mars	Megindleg tilraun	Verkefni Vægi 10%
10	18-22. mars	Próf og hóppróf	Próf. Vægi 20%
11	25.mars-10. maí	Lokaverkefni	Eigindlegt og megindlegt Vægi 35%

Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Þeir sem skila ekki 90% fá aldrei meira en 4 í einkunn.

Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans.

Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Átta einstaklings/hópverkefni.	80%
Próf	próf/hóppróf.	20%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Helgi Hermannsson hhm@fsu.is

Hægt er að finna kennara til viðtals í stofu 306b (tölvuþjónustu)